

**Ed.**

**616. Frumvarp til orkulaga.**

**[255. mál]**

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

**I. KAFLI**

**Orðaskýringar.**

**1. gr.**

Í lögum þessum merkir:

Orkulind:	Hverskonar náttúrugæði sem menn geta notað til að afla sér orku úr.
Orkugjafi:	Efni sem geymir orku og notandi getur nýtt á notkunarstað, eða geislun af náttúrulegum uppruna sem hann getur notað orku úr á notkunarstað.
Orkuvinnsla:	Breyting orku úr einu formi í annað eða færsla orku í óbreyttu formi úr náttúrulegri orkulind á stað á yfirborði jarðar, hvort tveggja í hagnýtingarskyni.
Orkuver:	Mannvirki til orkuvinnslu.
Raforkuver:	Mannvirki til raforkuvinnslu.
Vatnsaflsstöð:	Mannvirki til raforkuvinnslu úr vatnsorku.
Rafveita:	Mannvirki til að dreifa raforku til almennra nota eða fyrirtæki sem annast sölu raforkunnar til almennings.
Hitaveita:	Mannvirki til að dreifa varma til almennra nota eða fyrirtæki sem annast sölu varmans til almennings.
Flutningslína:	Lína sem ætlað er að flytja raforku milli staða fremur en að dreifa henni til notenda.
Stofnlínukerfi:	Kerfi flutningslína er flytur raforku frá orkuverum milli landshluta og til aðveitustöðva.
Orkumannvirki:	Sameiginlegt heiti mannvirkja til að vinna, flytja og dreifa orku.

Stórnotandi:	Raforkunotandi, sem notar 100 GWh/ári hið minnsta og kaupir raforkuna beint af framleiðanda eftir sérstökum samningi.
Orkurannsóknir:	Hverskonar rannsóknir á orkulindum, vinnslu, flutningi, dreifingu og notkun orku.

## II. KAFLI

### Eignarhald íslenskra orkulinda.

#### 2. gr.

Orkulindir á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, þar með talið hafsvæðið og hafsbótinn innan íslenskrar efnahagslögsögu, hvort sem er orka fallvatna, jarðhita, eldsneyti eða önnur náttúrugæði sem nýta má til orkuvinnslu, eru eign íslenska ríkisins með þeim takmörkunum sem leiðir af gildandi rétti.

Nýting orkulinda í eigu ríkisins skal ávallt vera í þágu þjódarheildarinnar. Mál er varða meðferð eignarréttar ríkisins á orkulindum heyrar undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

## III. KAFLI

### Yfirstjórn orkumála.

#### 3. gr.

Ráðherra sá sem fer með orkumál hefur með höndum yfirstjórn allra orkumála. Um framkvæmd orkumála fer eftir lögum þessum og sérlögum.

## IV. KAFLI

### Stefnumótun í orkumálum

#### 4. gr.

Meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar skulu sett fram í sérstakri áætlun, orkumálaáætlun, er tekur til 10 ára hið minnsta. Ráðherra leggur slíka áætlun fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögu á fjögurra ára fresti eða oftari ef tilefni þykir til.

Í orkumálaáætlun skal m. a. gerð grein fyrir orkuþörf þjóðarinnar á áætlunartímabilinu, nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi orkugjafa, meginframkvæmdum í orkumálum, orkurannsóknum og verðlagningu á orku.

Í áætluninni skal í meginráttum gerð grein fyrir fjármagnsþörf á tímabilinu sem hún tekur til, bæði til fjárfestingar í orkumannvirkjum og til rekstrar þeirra, til innflutnings á orkugjöfum og til orkurannsókna.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um orkumál landsins og framkvæmd orkumálaáætlunar.

## V. KAFLI

### Vinnsla og flutningur orku.

#### *Raforka*

##### 5. gr.

Til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 1 MW að ástimpluðu afli þarf leyfi ráðherra.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Áður en ráðherra veitir leyfi skv. 1. mgr. skal hann ganga úr skugga um að hin ráðgerða framkvæmd samrýmist orkumálaáætlun og gildandi samrekstrar- og orkusölusamningum. Ráðherra skal setja þau skilyrði önnur fyrir veitingu leyfis sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talin umhverfisvernd.

Þeim sem við gildistöku þessara laga eiga og reka raforkuver stærra en 1 MW skal heimilt að halda þeim rekstri áfram, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Um raforkuver til almenningsþarfa í eigu annarra en Landsvirkjunar skal gerður samrekstrarsamningur milli eiganda þess og Landsvirkjunar, þar sem kveðið er á um tilhögun á rekstri orkuversins.

Um vatnsaflstöðvar og leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, eftir því sem við getur átt.

##### 6. gr.

Það er hlutverk Landsvirkjunar að reisa og reka raforkuver og stofnlínukerfi í samræmi við orkumálaáætlun og selja rafveitum og einstökum stórnotendum raforkuna.

Landsvirkjun starfar eftir sérstökum lögum.

#### *Jarðhiti*

##### 7. gr.

Til vinnslu og flutnings jarðhita þarf leyfi ráðherra ef hámarksafköst nema 10 MW varmaafis eða meira, reiknað frá + 40 gráðum celsius.

Hitaveitur sem starfa skv. 13. gr. þurfa ekki sérstakt leyfi til vinnslu eða flutnings á jarðhita skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar á meðal skynsamlega heildarnýtingu jarðhitasvæða og umhverfisvernd.

Um vinnslu á jarðhita fer að öðru leyti eftir jarðhitalögum.

#### *Eldsneyti*

##### 8. gr.

Til vinnslu á eldsneyti úr jörðu í þeim tilgangi að selja það almenningi þarf leyfi ráðherra. Til vinnslu á eldsneyti í öðrum tilgangi þarf leyfi ráðherra ef hámarksafköst vinnslunnar nema 50 smálestum eldsneytis á ári eða meiru.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið skynsamleg heildarnýting eldsneytis og umhverfisvernd. Um vinnslu eldsneytis úr jörðu fer að öðru leyti eftir námalögum.

9. gr.

Til rannsóknar á og leitar að eldsneyti í hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu, eins og hún er mörkuð í 6. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þarf leyfi ráðherra. Slík leyfi skulu bundin við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið óhindraður aðgangur íslenskra stjórnvalda að upplýsingum sem fram koma við leitina, verndun lífríkis í sjónum umhverfis landið og önnur umhverfisvernd.

Um veitingu leyfis til rannsóknar og leitar að eldsneyti í hafsbotni fer samkvæmt lögum þessum, lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, svo og sérlögum sem sett kunna að verða um þetta efni.

10. gr.

Íslenska ríkinu einu er heimil vinnsla hverskonar eldsneytis úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Ráðherra getur í umboði ríkisins með samningi heimilað öðrum aðila að vinna eldsneyti úr hafsbotni, en afla skal staðfestingar Alþingis á slíkum samningi áður en vinnsla er hafin.

## VI. KAFLI

### Orkudreifing.

#### *Rafveitur*

11. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga og ríkis að reisa og reka rafveitur.

Til að starfrækja rafveitu til almenningsþarfa þarf leyfi sem ráðherra veitir. Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar um veituna sem ráðherra telur nauðsynlegar. Umsóknir skulu sendar Orkustofnun til umsagnar áður en leyfi er veitt.

Leyfi veitir leyfishafa einkarétt til dreifingar raforku og skal bundið við tiltekið svæði, sem nefnist orkuveitusvæði rafveitunnar. Verði breyting þar á skal ráðherra afturkalla eldra leyfi og gefa út nýtt er tekur til hins breytta svæðis. Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir veitingu leyfis sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið jafnrétti notenda, skynsamleg og hagkvæm dreifing raforku, hagkvæm stærð rekstrareiningar og umhverfisvernd.

Leyfishafa er skylt að selja raforku öllum sem þess óska innan orkuveitusvæðis rafveitunnar, með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim.

12. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa samkvæmt sérstökum lögum. Orkuveitusvæði þeirra er svæði utan orkuveitusvæða starfandi rafveitna skv. 11. gr., eftir því sem mannvirki þeirra til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

### *Hitaveitur*

#### 13. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga, samtaka orkunotenda og ríkisins að reisa og reka hitaveitur.

Til að starfrækja hitaveitu þarf leyfi sem ráðherra veitir. Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar um veituna sem ráðherra telur nauðsynlegar. Umsóknir skulu sendar Orkustofnun til umsagnar áður en leyfi er veitt.

Leyfið veitir leyfishafa einkarétt til dreifingar varma og skal bundið við tiltekið svæði sem nefnist orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verði breyting á því skal ráðherra afturkalla eldra leyfi og gefa út nýtt sem tekur til hins breytta svæðis. Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir veitingu leyfis sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið jafnrétti notenda, skynsamleg og hagkvæm dreifing varma, hagkvæm stærð rekstrareiningar og umhverfisvernd.

### *Almenn ákvæði um orkudreifingu*

#### 14. gr.

Gjald fyrir raforku og varma frá rafveitu og hitaveitu sem hlotið hefur einkaleyfi samkvæmt lögum þessum skal ákveða í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

#### 15. gr.

Ráðherra setur almenna reglugerð um rafveitur og hitaveitur, þar sem m. a. skal kveðið á um ábyrgð, réttindi og skyldur veitnanna og orkunotenda, frágang og viðhald mannvirkja og eftirlit með þeim, starfssvið hönnuða og iðnmeistara og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Heimilt er að setja fyllri ákvæði um stjórn og rekstur rafveitna og hitaveitna í samþykktir sem stjórn þeirra ákveður og ráðherra staðfestir.

#### 16. gr.

Öll gjöld rafveitna og hitaveitna má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva má afhendingu orku ef ekki er staðið í skilum á réttum eindaga og gjaldanda hefur sannanlega verið send greiðsluáskorun.

## VII. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 17. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu veita orkunotendum eins góða þjónustu og með sanngirni má ætlast til. Einnig skulu orkufyrirtæki kosta kapps um að tryggja notendum sínum góða vöru og þjónustu og skulu leiðbeina orkunotendum um þá kosti í orkukaupum og orkunýtingu sem eru notendum hagstæðir.

#### 18. gr.

Ráðherra getur heimilað eignarnám á landi, mannvirkjum og öðrum réttindum, vegna byggingar og starfrækslu mannvirkja til vinnslu, flutnings og dreifingar á orku skv. lögum þessum.

Um bætur fer skv. lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

19. gr.

Eigendum og umráðamönnum landareigna er skylt að þola óhindraðan aðgang að landareignum vegna rannsókna og framkvæmda samkvæmt lögum þessum, þ. á m. vegna mannvirkja til orkudreifingar um land. Þeim er einnig skylt að þola jarðefnatöku, svo og eignarkvaðir, óhagræði og truflanir á umferðarrétti sem nauðsynlegar eru í þágu fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum þessum. Fullar bætur komi fyrir eftir mati ef samkomulag næst ekki.

20. gr.

Hitaveitur og rafveitur sem starfa skv. lögum þessum eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækin taka og vegna eignarafsals til fyrirtækjanna, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skulu hitaveitur og rafveitur greiða fasteignagjöld af íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæði í eigu fyrirtækjanna.

21. gr.

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrár orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

22. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði skv. öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

- II., IV. og V. kafli orkulaga nr. 58/1967.
- Lög nr. 35/1959 um viðauka við lög nr. 28/1946 um virkjun Sogsins.
- Lög nr. 73/1921 um heimild handa landstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.
- Lög nr. 45/1941 um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.
- Lög nr. 63/1950 um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.
- Lög nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár.
- Lög nr. 92/1947 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
- Lög nr. 34/1949 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
- Lög nr. 12/1951 um ný orkuver og nýja orkuveitu Rafmagnsveitna ríkisins.
- Lög nr. 65/1956 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
- Lög nr. 111/1970 um virkjun Lagarfoss.
- Lög nr. 28/1971 um virkjun Svartár í Skagafirði.
- Lög nr. 26/1977 um virkjun Hvítár í Borgarfirði.
- Lög nr. 105/1974 um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.
- Lög nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Starfandi orkufyrirtæki skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara sækja um leyfi skv. 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr. Þeim skal veitt rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku laga þessara og skulu öll núverandi réttindi þeirra haldast, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi. Rekstrarheimildir þeirra skulu haldast óbreyttar fram að þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### **Inngangur.**

Lagafrumvarp þetta, sem samið er á vegum iðnaðarráðuneytisins, felur í sér ákvæði um eignarhald á íslenskum orkulindum, yfirstjórn orkumála, stefnumótun í orkumálum, vinnslu og flutning orku og dreifingu hennar, auk almennra ákvæða. Sjálfstæð lagafrumvörp sem lögð eru fram samtímis eða í framhaldi af þessu fjalla um stofnanir og fyrirtæki á sviði orkumála, svo sem Orkustofnun, Orkusjóð, Jarðboranir ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun. Ennfremur tengist frumvarpi þessu þegar framlagt frumvarp um jarðhitaréttindi.

Sú breyting er gerð á gildandi orkulögum, að fjallað er um einstakar stofnanir og fyrirtæki á sviði orkumála hvert um sig í sérstökum lögum í stað þess að fella öll lagaákvæði inn í ein allsherjar orkulög eins nú er gert að mestu. Með þessu móti er á skipulegri hátt en nú greint á milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála annarsvegar og einstök orkufyrirtæki og stofnanir hinsvegar.

#### **Endurskoðun orkulaga.**

Gildandi orkulög, nr. 58/1967 eru orðin meira en 15 ára. Miklar breytingar hafa átt sér stað í orkumálum á þeim tíma bæði hérlendis og erlendis.

Stjórnvöld láta sig þessi orkumál hvarvetna meira skipta en áður vegna mikilvægis þeirra fyrir þjóðarbúskapinn. Og stefnumótun í orkumálum er með þýðingarmestu viðfangsefnum ríkis og sveitarfélaga.

Stökkbreyting í olíuverði árið 1973 og síðar hefur átt drjúgan þátt í endurmati manna á orkumálum.

Hér á landi hefur hún ýtt undir þær stórstígu framfarir sem orðið hafa í nýtingu vatnsorku og jarðhita og lýsa sér best í því, að nú er séð fyrir um 90% af húshitunarpörf landsmanna með innlendum orkugjöfum, þar af um 77% með jarðhita og 13% með raforku. Samtengt raforkukerfi nær til allra landshluta og útrýmt hefur verið að heita má þörf á raforkuvinnslu með olíu nema í bilanatilvikum.

Allar þessar miklu breytingar gera það tímabært og nauðsynlegt að endurskoða löggjöf um orkumál. Stjórnvöldum hefur lengi verið þetta ljóst og hefur verið unnið að undirbúningi málsins með ýmsum hætti.

Í nóvember 1971 skipaði Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra nefnd „til þess að fjalla um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar hérlendis og semja frumvarp til laga um þessi efni.“ Í nefndinni áttu sæti 7 menn undir forystu Jakobs Gíslasonar, orkumálastjóra.

Nefnd þessi lagði til „að fyrsta skrefið til endurskoðunar skipulagningu á raforkuöflun og raforkudreifingu hérlendis verði það, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um raforkumál.“

Í tillögu þessari til þingsályktunar sem lögð var fyrir Alþingi 19. apríl 1972 segir m. a. um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning:

„Stefnt skal að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, að því, að raforkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman, og að því, að verð á raforku verði sem næst því að vera hið sama um land allt.“

Markmiðum þessum skyldi ná í áföngum með því að raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta sameinuðust í landshlutaveitur sem hefðu með höndum raforkuvinnslu, raforkuflutning og heildsölu til dreifiveitna. Eignarhluti ríkissjóðs skyldi aldrei verða minni en 50% í slíkum fyrirtækjum.

Þingsályktunartillaga þessi náði ekki fram að ganga.

Í tíð Gunnars Thoroddsen sem iðnaðarráðherra 1974—1978 var unnið að athugun á stofnun landshlutaveitna, sem annast gætu í senn orkuvinnslu og orkudreifingu á viðkomandi svæði. Spratt m. a. af því starfi Orkubú Vestfjarða sem sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum, sbr. lög nr. 66/1967.

Hinn 7. janúar 1977 skipaði Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra nefnd 8 manna undir forystu Þorvalds Garðars Kristjánssonar, alþingismanns, „til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála.“

Nefnd þessi skilaði ítarlegu álit í október 1978 og fylgdu því frumvörp til orkulaga, til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins og til laga um Jarðboranir ríkisins.

Að því er varðaði þann kafla í frumvarpi til orkulaga, sem fjallaði um orkuvinnslu, klofnaði nefndin í afstöðu sinni, en varð sammála um alla aðra þætti málsins.

Á grundvelli frumvarps nefndarinnar voru samþykkt lög um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979.

Frumvarp það til orkulaga sem hér liggur fyrir hefur í ýmsum greinum tekið mið af tillögum nefndarinnar, t. d. ákvæðið um orkumálaáætlun, sem taki til 10 ára hið minnsta.

Einnig hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1978 í þeim frumvörpum til laga um Orkustofnun, Orkusjóð og Jarðboranir ríkisins, sem undirbúin hafa verið jafnhliða frumvarpi þessu til orkulaga.

#### **Heildarskipan orkumála samkvæmt frumvarpinu.**

Samkvæmt frumvarpinu fer ráðherra sá sem fer með orkumál með yfirstjórn allra þeirra mála sem frumvarpið tekur til. Gert er ráð fyrir að ráðherra leggi fyrir Alþingi orkumálaáætlun til a. m. k. 10 ára, er hafi að geyma stefnumörkun í orkumálum; áætlun um meginframkvæmdir á orkusviðinu og fjármagnsþörf til þeirra, rannsóknir, innflutning á orkugjöfum og verðlagsmál orku. Lagt er til að Alþingi taki afstöðu til þessarar áætlunar með þingsályktun. Slíka áætlun skal ráðherra leggja fyrir þingið eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og skal hann árlega gefa Alþingi skýrslu um framgang hennar.

Lagt er til að vinnslu raforku í landinu sem heild verði stýrt annarsvegar með orkumálaáætlun, sem myndar ramma um heildarvinnsluna á hverjum tíma, en hinsvegar af samrekstrarsamningum milli Landsvirkjunar og annarra eigenda raforkuvera til almenningsþarfa. Þeir samningar stýra skiptingu heildarvinnslunnar milli vinnsluaðila og byggingu orkuvera á þeirra vegum. Skyld er samkvæmt frumvarpinu að gera slíka samninga.

Landsvirkjun er ætlað lykilhlutverk í raforkuvinnslu og flutningi. Hún á og rekur meginstofnlínukerfið og reisir orkuver í samræmi við orkumálaáætlun; gerir orkusölusamninga við rafveitur og stórnotendur og samrekstrarsamninga við aðra aðila sem vinna raforku til almenningsþarfa. Áður en ráðherra veitir leyfi fyrir nýju orkuveri eða til að stækka eldra, verður fyrst að ganga úr skugga um að það samrýmist orkumálaáætlun og gildandi orkusölusamningum. Að öðrum kosti synjar ráðherra um leyfið til að tryggja eðlilega heildarstjórn raforkuvinnslunnar í landinu og kemur með því í veg fyrir að tveir vinnsluaðilar keppi um sama raforkumarkaðinn. Þótt Landsvirkjun sé ætlað lykilhlutverk er ekki lagt til að fyrirtækinu verði veittur einkaréttur til raforkuvinnslu samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið kveður á um að leyfi ráðherra þurfi til að vinna eldsneyti úr jörðu í því skyni að selja almenningi. Er þessi áskilnaður fyrst og fremst settur til að tryggja hagsmuni notenda slíks eldsneytis. Sama er áskilið um vinnslu eldsneytis í öðru skyni, t. d. vegna eigin atvinnurekstrar ef um vinnslu í allstórum stíl er að ræða, til að tryggja skynsamlega meðferð auðlindar og að umhverfi sé verndað.

Sú stefna er mörkuð í frumvarpinu varðandi leit að eldsneyti á íslenska hafsbótssvæðinu að ráðherra geti veitt svæðis- og tímabundið leyfi til hennar með áskilnaði um eðlilegan aðgang stjórnvalda að upplýsingum og um verndun lífríkis í sjónum og annars umhverfis við slíka leit.



Mörkuð er sú stefna að íslenska ríkinu einu sé heimil vinnsla á eldsneyti úr hafsbótnei innan íslenskrar efnahagslögsögu; að ráðherra geti með samningi heimilað öðrum slíka vinnslu, en áskilið er að Alþingi skuli staðfesta slíkan samning áður en vinnsla er hafin. Gert er ráð fyrir að nauðsynleg skilyrði, sem setja þarf handhafa vinnsluréttinda til að tryggja skynsamlega auðlindanýtingu og umhverfisvernd og aðra almannahagsmuni, verði nákvæmlega tilgreind í slíkum vinnslusamningi. Er hér aðeins um rammaákvæði að ræða en setja þarf mun fyllri reglur um þetta efni í reglugerð.

Um vinnslu jarðhita er sú stefna mörkuð að hitaveitur til almenningsþarfa þurfi ekki sérstakt leyfi ráðherra til vinnslunnar; það teljist innifalið í einkaleyfi hennar. Aðrir vinnsluaðilar skuli aftur á móti þurfa slíkt ef um vinnslu í stórum stíl (10 MW varmaafli eða meira) er að ræða. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja almannahagsmuni svo sem skynsamlega nýtingu jarðhitasvæða og umhverfisvernd. Mörkin eru það rúm að nýting jarðhita á einstökum býlum til hitunar húsa, gróðurhúsa, minniháttar fiskræktar og þess háttar verður ekki háð leyfi til orkuvinnslu. Þótt slík nýting jarðhita sé ekki háð leyfi samkvæmt grein þessari er þó gert ráð fyrir að gætt sé skilyrða samkvæmt öðrum lögum og ber þar sérstaklega að benda á löggjöf um umhverfis- og náttúruvernd.

Varðandi dreifingu raforku til almenningsþarfa er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sveitarfélög og ríki eða fyrirtæki í sameign þeirra annast hana á afmörkuðum svæðum, svokölluðum orkuveitusvæðum, samkvæmt sérstöku einkaleyfi frá ráðherra fyrir hvert slíkt svæði. Utan slíkra einkaleyfissvæða annast Rafmagnsveitur ríkisins dreifinguna eftir því sem mannvirki þeirra ná til.

Rekstur hitaveitna til almenningsnota er samkvæmt frumvarpinu hlutverk sveitarfélaga, samtaka notenda eða ríkisins. Áskilið er einkaleyfi frá ráðherra til hverrar slíkrar hitaveitu er taki til orkuveitusvæðis hennar.

### **Helstu nýmæli frumvarpsins.**

#### **1. Eignarhald á íslenskum orkulindum.**

Í frumvarpinu er mörkuð sú almenna stefna að hverskonar orkulindir á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, hvort heldur er á landi, sjó eða hafsbótnei, skuli vera eign íslenska ríkisins, með þeim takmörkunum einum sem leiðir af gildandi rétti. Með frumvarpinu er þannig ekki hróflað við gildandi ákvæðum vatnalaga um virkjunarrétt né heldur um jarðhita á landi sem háð er einkaeignarrétti. Tilgangurinn er að marka almenna stefnu, taka af öll tvímæli varðandi orkulindir sem nú eru ekki nýttar og orkulindir utan svæða í einkaeign, t. d. á hafi eða hafsbótnei, afréttum og almenningum.

#### **2. Stefnumörkun í orkumálum.**

Skilgreina má markmið í orkumálum þjóðarinnar á eftirfarandi hátt:

- a. Að sjá þjóðarbúinu fyrir orku til almennra þarfa við sem lægstu verði að uppfylltum viðunandi skilyrðum um:
  - öryggi gegn orkuskorti
  - áhrif á umhverfið
  - áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.
- b. Að nýta innlendar orkulindir þannig að þær gefi hámarksarð til þjóðarframleiðslunnar að uppfylltum viðunandi skilyrðum um áhrif á:
  - pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar
  - náttúrulegt umhverfi
  - hefðbundnar atvinnugreinar
  - byggð í landinu.

Gera má ráð fyrir að stefnumörkun í orkumálum verði fyrst og fremst fólgin í því að ákveða þau skilyrði sem talin eru í skilgreiningunni og vega þá þætti hvern gagnvart öðrum.

Veigamesta nýmæli frumvarpsins er greinin um stefnumörkun í orkumálum og orkumálaáætlun. Þar er í fyrsta sinn í íslenski löggjöf kveðið á um að marka skuli stefnu af hálfu hins opinbera í þessum mikilvægu málum. Slík stefnumörkun þykir nú orðið sjálfsgöð og óhjákvæmileg í flestum nálægum löndum, og raunar miklu víðar, og hún er vissulega orðin tímabær hér. Stórt skref í átt til slíkrar stefnumörkunar var stigið, að því er tekur til raforkunnar, með samþykkt laga nr. 60/1981 um raforku og með þingsályktun 6. maí 1982 um virkjanir og orkunýtingu sem byggð er á þeim lögum. Orkumál ná í heild sinni yfir víðara svið en raforku og stefnumörkun í orkumálum þarf að taka til allra þátta þeirra. Samþykkt laganna og þingsályktunarinnar var því aðeins áfangi.

### **3. Samrekstrar- og raforkusölusamningar.**

Í frumvarpinu er lagt til að allir þeir sem vinna raforku til almenningsþarfa séu skyldaðir til að gera samrekstrarsamninga við Landsvirkjun og gert er ráð fyrir að raforkusala frá framleiðendum til almenningsrafveitna og stórnotenda fari fram samkvæmt sérstökum raforkusölusamningum. Samningar hafa hinsvegar ekki tíðkast um sölu raforku til rafveitna, gagnstætt því sem er í nágrannalöndunum. Tilgangurinn er að skapa meiri festu í raforkuviðskiptum hér á landi en verið hefur. Jafnframt og ekki síður er tilgangurinn sá að þessir samningar, ásamt orkumálaáætluninni, verði stjórnþæki til að tryggja heildarhagkvæmni raforkuvinnslunnar.

### **4. Stefnumörkun um leit og vinnslu eldsneytis.**

Í núgildandi orkulögum er engin ákvæði að finna um eldsneyti. Samt er málum svo háttað að þjóðin fær þriðjung þeirrar orku sem hún notar úr innfluttu eldsneyti og horfur eru á að það muni um langan aldur gegna veigamiklu hlutverki í orkuöflun þjóðarinnar, þar á meðal til sumra mjög mikilvægra þátta þjóðarbúsins, svo sem fiskveiða og samgangna. Eldsneytismál eru því óaðskiljanlegur hluti orkumála, hér sem annarsstaðar. Eldsneytisverð hefur 20-faldast á tíu árum og eldsneyti er því mun stærri kostnaðarþáttur í orkubúskap landsmanna en áður var, jafnvel þótt hlutdeild þess í heildarnotkun hafi minnkað. Auk þess hefur það svæði sem íslensk efnahagslögsaga nær til margfaldast á undanförunum árum, og hugsanlegt er að innan þess svæðis sé að finna eldsneyti í jörðu. Það er því fyllilega tímabært að marka stefnu varðandi leit að slíkum auðlindum og nýtingu þeirra ef þær finnast.

Í frumvarpinu er mörkuð sú stefna að vinnsla á hverskonar eldsneyti úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu sé ríkinu einu heimil, og að samþykki Alþingis þurfi til að heimila öðrum slíka vinnslu. Hinsvegar geti ráðherra heimilað leit að eldsneyti að því tilskildu að íslensk stjórnvöld hafi óhindraðan aðgang að þeim upplýsingum sem aflað er og tryggð sé vernd lífríkis í sjónum og annars umhverfis við leitina. Jafnframt er í frumvarpinu mörkuð stefna varðandi afskipti ríkisvaldsins af eldsneytisvinnslu á landi, þar sem þau takmarkast við að tryggja hagsmuni almennings, þar á meðal skynsamlega auðlindanýtingu og verndun umhverfis.

### **5. Vinnsla á jarðhita til annarra nota en hitaveitna.**

Loks er það nýmæli í frumvarpinu að sett eru ákvæði um að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu jarðhita í þágu annarra en hitaveitna, svo sem iðnaðar. Þessi leyfi eru takmörkuð við að tryggja almannahagsmuni, svo sem skynsamlega auðlindanýtingu og umhverfisvernd, svipað og áður er rakið varðandi eldsneytisvinnslu á landi. Minniháttar nýting er undanþegin leyfisveitingunni samkvæmt greininni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér eru skilgreind helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem ótvírætt er kveðið á um eignarrétt íslenska ríkisins á orkulindum á yfirráðasvæði þess. Ekki er greininni ætlað að skerða eignarrétt einstakra aðila umfram það sem nú er. Hins vegar er greininni ætlað að kveða skýrt á um eignarrétt ríkisins á orkulindum sem einstakir aðilar eiga ekki beinar eignarheimildir að utan landareigna sem einkaeignarrétti eru háðar, t. d. á hafsbotni, afréttum og almenningum. Þannig er greininni ætlað að lögfesta þá meginreglu að ríkið sé eigandi orkulinda sem aðrir hafa ekki ótvíræðan eignarrétt yfir samkvæmt gildandi lögum. Greinin hefur því öðrum þræði þann tilgang að marka stefnu og taka af tvímæli.

Orðunum „náttúrugæði sem nýta má til orkuvinnslu“ er ætlað að taka til allra orkulinda, bæði hefðbundinna, sem nú eru nýttar og nefndar eru með nafni í greininni, og eins hinna sem enn eru lítt eða ekki nýttar en kunna að verða það síðar, svo og hverskonar eldsneytis.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í orkulögum, þar sem gert er ráð fyrir að meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar verði sett fram í sérstakri orkumálaáætlun til 10 ára. Með tilliti til reynslunnar má halda því fram að á fáum eða engum sviðum opinberra framkvæmda sé þörfin brýnni fyrir vandaðan undirbúning að ákvarðanatöku en í orkumálum, ekki síst í ljósi þess að einstakar orkuframkvæmdir eru oft mjög fjárfrekar. Löggjafinn hefur áður talið ástæðu til að ákveða slíka málsmeðferð um einstaka mikilvæga málaflokka, svo sem um vegamál, hafnamál og raunar einnig framkvæmdir á sviði heilbrigðismála. Þar sem einstakir áfangar orkumálaframkvæmda eru einatt mjög umfangsmiklir og tímafrekir þykir rétt að miða hér við 10 ára áætlunartímabil, en lagt er til að endurskoðuð áætlun sé lögð fram á fjögurra ára fresti eða oftar.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi forystu um gerð orkumálaáætlunar.

Í orkumálaáætluninni yrðu settar fram leiðir til að fullnægja orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu á sem hagkvæmasta hátt og gera í því sambandi grein fyrir nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi á orkugjöfum og verðlagningu á orku. Þá skal í áætluninni sett fram fjármagnsþörf á áætlunartímabilinu.

Til að Alþingi geti sem best fylgst með framgangi áætlunarinnar er lagt til að ráðherra leggi skýrslu um orkumál landsins og framkvæmd orkumálaáætlunarinnar fyrir Alþingi árlega.

Um 5. gr.

Greinin hefur að geyma almenn ákvæði um vinnslu raforku án tillits til orkugjafa. Það nýmæli er hér lagt til að ekki þurfi sérstakar lagaheimildir til að reisa og reka raforkuver, svo sem verið hefur. Þess í stað er lagt til að ráðherra verði fengin heimild til að gefa slík leyfi út í samræmi við orkumálaáætlun. Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka raforkuver stærri en 1 MW. Er með þessu lagt til að rýmkaðar verði heimildir til að reisa og reka raforkuver frá því sem nú er, en núverandi leyfismörk eru 0,2 MW. Algeng stærð vararafstöðva hjá stofnunum og fyrirtækjum er á bilinu 0,2—0,8 MW. Þykir því eðlilegt að rýmka mörkin þannig að ekki þurfi að sækja um leyfi vegna slíkra vararafstöðva.

Í samræmi við það markmið frumvarpsins að vinnsla raforku í landinu verði stýrt með orkumálaáætlun og samrekstrarsamningum milli raforkuframleiðenda er lagt til að ekki verði veitt leyfi til vinnslu raforku nema gengið hafi verið úr skugga um að þau séu í samræmi við orkumálaáætlun og samrekstrarsamninga. Jafnframt verði leyfi til raforkuvinnslu háð því skilyrði að þau séu í samræmi við gildandi raforkusölusamninga.

Samkvæmt greininni er lagt til að þeim sem fyrir gildistöku laganna eiga og reka raforkuver stærri en 1 MW skuli heimilt að halda þeim rekstri áfram. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu starfandi orkufyrirtæki þó sækja um rekstrarleyfi innan 6 mánaða frá gildistöku laganna og skal þeim veitt leyfið með óbreyttum réttindum.

Í ákvæðinu er lagt til að eigendum raforkuvera verði gert skylt að gera samrekstrar-samninga við Landsvirkjun, þannig að tryggt verði að samrekstrarsamningar til að stýra heildarrafokvinnslu í landinu nái til allra raforkuframleiðenda.

Lagt er til að um vatnsaflsstöðvar og leyfisveitingar vegna þeirra fari að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga.

Með grein þessari er ekki raskað í neinu gildi laga nr. 60/1981 sem eru sérlög um afmörkuð raforkuver, tilhögun þeirra og röð virkjanaframkvæmda.

#### Um 6. gr.

Með grein þessari er lagt til að fest verði í almennum orkulögum hlutverk Landsvirkjunar.

Samkvæmt greininni verður það hlutverk Landsvirkjunar að reisa og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins, en samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, yfirtók Landsvirkjun hinn 1. janúar 1983 meginstofnlínukerfið, hinar svokölluðu byggðalínur, til eignar og reksturs. Lagt er til að lögfest verði til áherslu að Landsvirkjun skuli rækja hlutverk sitt í samræmi við orkumálaáætlun. Með því er reynt að tryggja að Landsvirkjun falli sem best að almennri heildarskipan orkumála í landinu á hverjum tíma.

#### Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu og flutnings jarðhita ef hámarksafköst nema 10 MW varmaafli eða meiru, reiknað frá + 40° C. Með vinnslu jarðhita er hér átt við breytingu jarðhita úr einu formi í annað eða færslu jarðhita í óbreyttu formi úr náttúrulegri jarðhitalind á stað á yfirborði jarðar, hvort tveggja í hagnýtingarskyni. Með flutningi á jarðhita er átt við að flytja jarðhita milli staða fremur en að dreifa jarðhita til einstakra notenda.

Þar eð hitaveitur þurfa sérstakt starfsleyfi þykir eðlilegt að þær þurfi ekki sérstakt leyfi til vinnslu og flutnings jarðhita skv. grein þessari.

Lagt er til að leyfismörkin verði 10 MW varmaafli miðað við 40° C þannig að ekki þurfi leyfi fyrir minniháttar vinnslu sem hefur lítil áhrif á heildarnot jarðhita, svo sem til heimilisnota, gróðurhúsaræktar og fiskræktar.

Gert er ráð fyrir að þessu frumvarpi fylgi frumvarp til jarðhitalaga sem hefur að geyma frekari ákvæði, m. a. um vinnslu á jarðhita.

Gert er ráð fyrir að leyfi skv. ákvæði þessu skuli bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar á meðal skynsamlega heildarnýtingu jarðhitasvæða, en með jarðhitasvæði er átt við afmarkaðan hluta lands þar sem hiti er í jörðu umfram meðaltal.

#### Um 8. gr.

Hér er lagt til að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu eldsneytis úr jörðu í þeim tilgangi að selja það almenningi. Rétt þykir að setja nú almennar reglur um vinnslu eldsneytis úr jörðu,

m. a. með hliðsjón af þeim hugmyndum sem hafa verið til athugunar á þessu sviði, svo sem hagnýtingu mós og surtarbrands.

Þess skal getið að í gildi eru ákvæði um mótak, annars vegar lög nr. 23/1912 um samþykktir um mótak og hins vegar lög nr. 16/1940 um mótak. Ekki þykir ástæða til að fella ákvæði laga þessara úr gildi, enda verða þau greininni til fyllingar.

Vinnsla eldsneytis úr jörðu er hliðstæð námavinnslu. Því er lagt til að um vinnslu eldsneytis úr jörðu fari skv. námulögum að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði þar um í frumvarpi þessu.

#### Um 9. gr.

Hér er lagt til að til rannsóknar og leitar að eldsneyti á hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu þurfi leyfi ráðherra.

Lagt er til að slík leyfi skuli bundin við afmarkað svæði og gildi til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 30 ár.

Til að tryggja að rannsóknir og leit að eldsneyti nýtist íslenska ríkinu í hvívetna er lagt til að lögfest verði það skilyrði fyrir leyfisveitingu samkvæmt greininni að íslenskum stjórnvöldum sé tryggður óhindraður aðgangur að upplýsingum sem fram koma við leitina.

Ekki er ákvæði þessu ætlað að breyta þeim ákvæðum í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn er varða rannsóknir og leit að eldsneyti á hafsbotni. Auk þeirra laga þarf við framkvæmd greinar þessarar að taka mið af þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í greininni er vikið að sérlögum sem sett kunna að verða. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um eignarrétt ríkisins að náttúruauðlindum hafsbotsins, en frumvarpið kveður nánar á um leyfisveitingar samkvæmt greininni.

#### Um 10. gr.

Hér er lagt til að ríkinu einu skuli heimilud vinnsla eldsneytis úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu. Hins vegar er lagt til að ráðherra geti með samningi heimilað öðrum aðila að vinna eldsneyti úr hafsbotni í umboði ríkisins. Með hliðsjón af mikilvægi samninga um vinnslu eldsneytis úr hafsbotni er lagt til að afla skuli staðfestingar Alþingis á slíkum samningum.

#### Um 11. gr.

Hér er lagt til að það verði hlutverk sveitarfélaga og ríkis að reka rafveitur.

Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að starfrækja rafveitu til almenningsparfa og slíkt leyfi veiti leyfishafa einkarétt til dreifingar raforku á orkuveitusvæði rafveitunnar. Leyfi verði bundin skilyrðum, þar með talið nýmæli um að gætt skuli umhverfisverndarsjónarmiða. Að öðru leyti er greinin að stofni til efnislega óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

#### Um 12. gr.

Lagt er til að orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins verði með hliðsjón af 11. gr. skilgreint sem svæði utan orkuveitusvæða starfandi rafveitna skv. 11. gr. eftir því sem mannvirki fyrirtækisins til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

#### Um 13. gr.

Hér er lagt til að það verði hlutverk sveitarfélaga, samtaka orkunotenda og ríkisins að reisa og reka hitaveitur.

Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að starfrækja hitaveitu og að slíkt leyfi veiti leyfishafa einkarétt til dreifingar jarðhita á orkuveitusvæði hitaveitunnar.

Lagt er til að leyfi verði bundið skilyrðum þar með talið nýmæli um umhverfisvernd.

Að öðru leyti er greinin að stofni til óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

Um 14. gr.

Í greininni er það nýmæli að ekki er kveðið á um hverjir semji gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gert er ráð fyrir að eigendur hafi svigrúm til að ákveða í samþykktum orkufyrirtækjanna, eða á annan hátt, hvernig gjaldskrá er samín.

Ennfremur er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að gjaldskrá skuli endurskoða á fimm ára fresti enda hefur þetta ákvæði ekki haft raunhæft gildi þar sem gjaldskrár hafa í raun verið endurskoðaðar á þriggja mánaða fresti um árabíl.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum, þó þannig að lagt er til að ekki megi beita vanefndarúræðum skv. greininni, nema gjaldanda hafi sannanlega verið send greiðsluáskorun.

Um 17. gr.

Grein þessi er nýmæli og varðar neytendavernd. Í greininni er lagt til að lögfest verði skylda orkufyrirtækja til að kosta kapps um að tryggja notendum orkunnar góða vöru og þjónustu. Þau atriði sem ákvæði þessu er helst ætlað að taka til eru hitastig og þrýstingur á heitu vatni og gufu, tíðni og spennu raforku og afhendingaröryggi orkunnar.

Þá er lagt til að lögfest verði leiðbeiningarskylda orkufyrirtækja gagnvart neytendum, en með því er leitast við að tryggja að neytendur geti nýtt orkuna á sem hagkvæmasta hátt.

Um 18. gr.

Lagt er til að veitt verði almenn heimild til eignarnáms vegna byggingar og starfrækslu mannvirkja til vinnslu, flutnings og dreifingar á orku samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðinu er þannig ætlað að ná til framkvæmda allra þeirra fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögnum.

Um 19. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum um hitaveitur. Lagt er til að heimildin verði látin gilda almennt um framkvæmdir samkvæmt frumvarpinu.

Um 20. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Lagt er til að verðhækkningar á raforku og heitu vatni til almenningsveitna og almennra notenda sem kaupa orku samkvæmt gjaldskrá verði háðar samþykki ráðherra orkumála. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra orkufyrirtækja, þar með talin Landsvirkjun. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til sölu á orku til einstakra stórnotenda samkvæmt sérstökum samningum.

Um 22. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Lagt er til að felld verði niður eldri heimildarákvæði um orkufyrirtæki og orkuframkvæmdir, þannig að um starfsemi og heimildir til að reisa og reka orkufyrirtæki, t. d. er varða skilyrði fyrir leyfi, leyfismörk, auglýsingar og önnur atriði, fari eftir orkulögum. Með þessu er ætlunin að samræma starfsemi orkufyrirtækjanna. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða, að öll starfandi orkufyrirtæki sæki innan sex mánaða frá gildistöku laganna

um starfsleyfi. Nær það til leyfis: (1) til að reisa og reka raforkuver stærra en 1 MW, (2) til vinnslu og flutnings jarðhita ef hámarksafköst nema 10 MW varmafls eða meira, (3) til vinnslu eldsneytis úr jörðu, (4) til að reisa og reka rafveitur og (5) til að reisa og reka hitaveitur.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Hér er lagt til að ný leyfi verði gefin út til starfandi rafveitna og hitaveitna. Er þetta gert til samræmingar og til að sambærilegar reglur gildi um leyfisveitingar samkvæmt lögunum.

Er sérstaklega tekið fram að núverandi réttindi skuli haldast að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði frumvarpsins.